Þriðjudaginn 3. febrúar 1976.

Nr. 23/1976. **Ákæruvaldið**
gegn
Magnúsi Leopoldssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Af hálfu ríkissaksóknara hafa verið lagðar fyrir Hæstarétt frekari skýrslur þeirra Sævars Marinós Ciesielski og Kristjáns Viðars Viðarssonar um för þeirra til Keflavíkur, er greinir í hinum kærða úrskurði. Skýrslur þessar tók rannsóknarlögreglumaður af þeim hinn 27. f. m. Er ekki þörf á að rekja efni þeirra.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3 tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar. Var kæru lýst innan lögmælts tíma samkvæmt 2. mgr. 174. gr. nefndra laga.

Gögn máls bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 29. f. m.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. janúar 1976.

Ár 1976, mánudaginn 26. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 19. nóvember 1974 hvarf Geirfinnur Einarsson frá Keflavík, og hefur hann ekki sést síðan.

Að undanförnu hafa fjórir menn setið í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar, sem síðast sást í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Einn þessara manna, Sævar Marinó Ciesielski, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni frá því, að hann hafi vitneskju um afdrif Geirfinns Einarssonar. Kvaðst hann hafa, nokkrum dögum áður en Geirfinnur hvarf, hitt Geirfinn ásamt Magnúsi Leopoldssyni og Einari Bollasyni í bifreið hér í borginni. Hefðu þeir þá rætt um dreifingu á smygluðu áfengi. Nokkru síðar hafi hann farið ásamt Magnúsi Leopoldssyni og Valdimar Olsen og Einari Bollasyni til Keflavíkur. Hafi þeir Magnús og Valdimar farið úr bifreiðinni þar og gengið áleiðis niður hliðargötu, sem virtist liggja niður að höfninni. Þeir Einar hefðu ekið um í eina til tvær klukkustundir, en komið aftur að ákveðnum stað og hafi þá Magnús komið í bifreiðina til þeirra og sagt, að þetta hefði „reddast", það er, að þeir hefðu náð áfenginu, en það slys hefði orðið, að Geirfinnur hefði dottið útbyrðis og drukknað. Hefði Magnús sagt við hann, að honum væri hollara að nefna ekki slysið við nokkurn mann, það væri honum fyrir bestu. Sævar Marinó hefur síðar breytt og endurbætt þennan framburð sinn og hefur nú sagt, að með í bifreiðinni hafi verið Magnús, Einar, Erla Bolladóttir, sambýliskona hans, og Kristján Viðar Viðarsson, en ekki Valdimar Olsen. Hafi þeir ekið til Keflavíkur og niður í flæðarmál í útjaðri bæjarins. Það, sem síðar gerðist, hafi Erla sagt sér. Hafi verið þarna staddir m. a. Geirfinnur Einarsson og Valdimar Olsen. Þeir Einar hefðu farið í ökuferð og komið aftur niður í flæðarmálið á ákveðnum tíma. Þá hefði staðið yfir uppskipun úr bát, sem þarna var, og var verið að setja eitthvað í sendiferðabifreið. Sagði Sævar, að Erla hefði sagt sér, að þarna hefði verið náð í töluvert mikið magn af áfengi. Einnig hefðu verið settar í bifreiðina einhverjar netjadræsur. Þeir Einar hefðu gengið aftur í átt að bifreiðinni og hefði þá Magnús komið til þeirra og sagt, að þetta hefði „reddast", en slys hefði orðið, því Geirfinnur hefði fallið útbyrðis og drukknað.

Erla Bolladóttir hefur skýrt rannsóknarlögreglunni frá því, að

hún hafi farið ásamt sambýlismanni sínum, Sævari Ciesielski, til Keflavíkur og hafi Magnús Leopoldsson ekið bifreiðinni. Þar var ekið niður í flæðarmál, og fóru þeir Magnús og Sævar þar úr bifreiðinni. Þarna hafi nokkrir menn verið samankomnir, og bar hún kennsl á Einar Bollason og Kristján Viðar Viðarsson. Kveður hún minni sitt um það, er síðast gerðist, mjög óskýrt, en kveðst hafa verið einhvern tíma þarna á staðnum, gripin ofsalegri hræðslu og hlaupið brott og falið sig. Á leiðinni sagði hún, að þeir Magnús og Sævar hefðu rætt um, að einhver maður hefði verið með „stæla" og ætti að fara með hann út á sjó undir því yfirskyni, að verið væri að sækja eitthvað, og stytta honum aldur.

Kristján Viðar Viðarsson hefur skýrt rannsóknarlögreglunni frá því, að hann hafi einhvern tíma seint á árinu 1974 farið að kvöldlagi upp í stóra sendiferðabifreið við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún. Hafi bifreið þessari verið ekið til Keflavíkur og þar niður í fjöru. Þar hafi hann séð nokkra karlmenn og eina konu og borið kennsl á Einar Bollason og Sævar Marinó og Erlu Bolladóttur. Kristján hefur sagt, að hann geti ekki tjáð sig um þetta mál að sinni frekar.

Magnús hefur í dag hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi neitað að hafa nokkra vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Brýna nauðsyn þykir bera til með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að úrskurða Magnús Leopoldsson í gæsluvarðhald, á meðan rannsókn máls þessa verður fram haldið, svo hann nái ekki með óskertu frelsi að spilla sönnunargögnum, en kanna þarf, hvern þátt hann hefur átt í máli þessu, og getur brot hans hugsanlega varðað við XXIII. kafla almennra hegningarlaga og 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969 og varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald er því fullnægt.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 45 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Magnús Leopoldsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 45 dögum.